



Bæjarráð Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi
210 Garðabær

Garðabæ, 22.09.2015

Efni: Viðburður körfuknattleiksdeildar Stjórnunnar í Ásgarði

Ágæta Bæjarráð

Körfuknattleiksdeild Stjórnunnar óskar með bréfi þessu eftir því við bæjarráð Garðabæjar að fá að nýta Íþróttahúsið við Ásgarð til sérstakrar fjáröflunar fyrir deildina þann 27. febrúar 2016

Í mars á þessu ári fékk Stjarnan leyfi til reynslu til að halda árshátíð Marel í íþróttahúsinu í Ásgarði. Framkvæmd viðburðarins gekk mjög vel og var mikil ánægja meðal forsvarsmanna Marels um hvernig til tókst auk þess sem íþróttafulltrúi bæjarins tók undir ánægjuraddirnar.

Nú hafa forsvarsmenn Marels leitað til Stjórnunnar um að halda viðburðinn aftur á næsta ári, þann 27. febrúar 2016.

Körfuknattleiksdeild Stjórnunnar óskar eftir leyfi frá bæjarráði til að halda viðburðinn með sama hætti og sömu forsendum og gert var fyrr á þessu ári.

Möguleg áhrif viðburðarins.

Áhrif af útleigu salarins þennan tiltekna dag mun ekki hafa nein áhrif á skólastarf og ekki verður þörf á að fella niður æfingar hjá yngri flokkum félagsins auk þess sem óveruleg áhrif verða á daglega starfsemi þar sem húsið húsið mun ekki opna fyrr en auglýstum opnunartíma sundlaugarinnar er lokið. Uppsetning á sal mun fara fram þegar skólastarfi lýkur og frágangur og tiltekt verður strax að loknum viðburði þannig að húsið verði klárt til hefðbundnar notkunar strax um hádegi morguninn eftir.

Kostnaður Garðabæjar

Garðabær mun ekki bera neinn kostnað af verkefninu. Líkt og í fyrra mun Stjarnan greiða Garðabæ þann starfsmannakostnað sem leggst til.

Fjáröflunarmöguleikar félagsins

Vegna þessa verkefnis er Marel tilbúið að greiða Stjórnunni kr. 2.500.000 sem styrk inn til félagsins fyrir að halda utan um viðburðinn; aðstöðu, uppsetningu og frágang. Körfuknattleiks- og knattspyrnudeild Stjórnunnar munu leiða hesta sína saman, fá fjölmarga sjálfboðaliða úr félaginu til að koma að þessu verkefni þannig að það verði félaginu til sóma í alla staði með sama hætti og reynsla er af með sambærilega viðburði.

Virðingarfyllt,

f.h. UMF Stjórnunnar

Jóhannes Egilsson framkv.stjóri